

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Kringla 2, Árvegur 1-12.

Deiliskipulagið tekur til Árvegur 1-12 í landi Kringlu 2. Í tillögunni felst m.a. að á lóðunum sem eru landbúnaðarlóðir er heimilt að reisa íbúðarhús og aukahús, s.s. gestahús, gróðurhús, hesthús og/eða geymslu/skemmu. Samhliða er hnitsetning og lega lóða innan deiliskipulags leiðrétt. Við gildistöku deiliskipulagsins fellur eldra skipulag úr gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. september 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. september 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 25. september 2023